

## TILSKIPUN RÁÐSINS 2001/64/EB

2003/EES/57/10

frá 31. ágúst 2001

## um breytingu á tilskipun 66/401/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja og tilskipun 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Af ástæðum sem eru tilgreindar hér á eftir ber að breyta tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja <sup>(4)</sup> og tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(5)</sup>.
- 2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/650/EB <sup>(6)</sup> var skipulögð tímabundin tilraun með sérstökum skilyrðum til að meta hvort sala á fræi í lausu til notenda hefði óheppileg áhrif á gæði fræsins miðað við þau gæði sem fást með núgildandi kerfi samkvæmt tilskipunum 66/401/EBE og 66/402/EBE.
- 3) Í kjölfar þessarar tímabundnu tilraunar er rétt að leyfa sölu á fræi í lausu til notenda til frambúðar, með fyrirvara um að farið sé að sérstökum skilyrðum, og ber að breyta tilskipunum 66/401/EBE og 66/402/EBE til samræmis við það.
- 4) Samþykkinga skal þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru við framkvæmd tilskipunar 66/401/EBE í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(7)</sup>.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 66/401/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. d

1. Þrátt fyrir 8., 9. og 10. gr. er aðildarríkjnum heimilt að einfalda ákvæðin um lokunarbúnað og merkingar

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 234, 1.9.2001, bls. 60, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 15.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 212 E, 31.7.2001.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 4. júlí 2001.

<sup>(3)</sup> Álit var skilað 11. júlí 2001.

<sup>(4)</sup> Stjtið 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB (Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27).

<sup>(5)</sup> Stjtið. 125, 11.7.1996, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/54/EB (Stjtið. EB L 142, 5.6.1999, bls. 30).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 252, 28.9.1994, bls. 15. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/441/EB (Stjtið. EB L 176, 15.7.2000, bls. 50).

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

umbúða þegar fræ í flokknum „vottað fræ“ er selt í lausu til notenda.

2. Skilyrði fyrir því að beita undanþágu skv. 1. mgr. hér að framan skulu sett í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

Skilyrðin sem sett eru fram í 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/650/EB (\*) skulu gilda þar til slíkar ráðstafanir hafa verið samþykktar.

(\*) Stjtið. EB L 252, 28.9.1994, bls. 15. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/441/EB (Stjtið. EB L 176, 15.7.2000, bls. 50).“

2. Eftirfarandi komi í stað 21. gr.:

„21. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar ráðsins 66/399/EBE (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (\*).

Tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuði.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

2. gr.

Tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

1. Þrátt fyrir 8., 9. og 10. gr. er aðildarríkjnum heimilt að einfalda ákvæðin um lokunarbúnað og merkingar umbúða þegar fræ í flokknum „vottað fræ“ er selt í lausu til notenda.

2. Skilyrði fyrir því að beita undanþágu skv. 1. mgr. hér að framan skulu sett í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

Skilyrðin sem sett eru fram í 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/650/EB (\*) skulu gilda þar til slíkar ráðstafanir hafa verið samþykktar.

(\*) Stjtið. EB L 252, 28.9.1994, bls. 15. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/441/EB (Stjtið. EB L 176, 15.7.2000, bls. 50).“

2. Í stað 21. gr. komi eftirfarandi:

„21. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 66/399/EBE (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (\*).

Tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. mars 2002.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. ágúst 2001.

*Fyrir hönd ráðsins,*

L. MICHEL

*forseti.*